

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 22.09.2021

Fundur 6-2021

Fundur haldinn í sveitarstjórn Skagabyggðar miðvikudaginn 22. september 2021 kl. 16:15 í Skagabúð.

Mætt voru: Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Karen Helga R. Steinsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson og Magnús Guðmannsson.
Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Bréf og fundargerðir:

a) Erindi frá innviða- og samgöngunefnd SSNV - munnlegt

b) Erindi frá sóknarnefnd Höskuldsstaðakirkju - er á pappír

c) Frá Norðurá bs.

i) fundargerð stjórnar 12. ágúst 2021

ii) undargerð aðalfundar 2. september 2021

iii) erindi til sveitarstjórna á Norðurlandi dagsett 17. september 2021

iv) ársreikningur Norðurá bs. fyrir 2020

d) Fundargerðir skóla- og félagsþjónustu

i) 24. júní 2021

ii) 20. júlí 2021

e) Vegagerð, styrkvegir, bréf dagsett 14. júlí 2021

f) Orkusalan, tölvubréf dagsett 14. júlí 2021

2. Skólavist utan Skagabyggðar/Skagastrandar

3. Kjörskrá

4. Álagning útsvars og fasteignaskatts

5. Skoðanakönnun um sameiningu Sveitarfélagsins Skagastrandar og Skagabyggðar

6. Önnur mál

Afgreiðsla:

1. Bréf og fundargerðir:

a) Erindi frá innviða- og samgöngunefnd SSNV

Innviða- og samgöngunefnd biðlar til sveitarstjórnar að yfirfara núverandi samgöngu- og innviðaáætlun og koma með uppfærðar áherslur fyrir áætlunina. Farið verður yfir þetta á næsta sveitarstjórnarfundi.

b) Erindi frá sóknarnefnd Höskuldsstaðakirkju

Í erindi frá Björgu Bjarnadóttur formanns sóknarnefndar Höskuldsstaðakirkju er óskað eftir 350 þúsund kr. styrk frá Skagabyggð vegna efniskostnaðar við endurnýjun girðingar umhverfis kirkjugarðinn á Höskuldsstöðum. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og vísar því til fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2022.

c) Frá Norðurá bs.

i) fundargerð stjórnar 12. ágúst 2021

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 22.09.2021

Fundur 6-2021

Fundargerð lögð fram til kynningar.

ii) fundargerð aðalfundar 2. september 2021

Fundargerð lögð fram til kynningar

iii) erindi til sveitarstjórna á Norðurlandi dagsett 17. september 2021

Í bréfi frá formanni stjórnar Norðurár bs. kemur fram að samþykkt hafi verið á aðalfundi 2. september s.l. að huga að brennslu fyrir dýrahæ og áhættuvefi. Er því beint til sveitarfélaga á Norðurlandi að móta gjaldskrá fyrir söfnun dýrahæja og koma á reglulegri hirðingu þeirra og gera þannig ráð fyrir því við fjárhagsáætlunavinnu fyrir 2022.

Bréfið lagt fram til kynningar og vísað til afgreiðslu síðar.

d) Fundargerðir skóla- og félagsþjónustu

i) dagsett 24. júní 2021

Í fundargerð kemur fram að stjórn hafi samþykkt framkvæmdir í samræmi við gildandi fjárhagsáætlun og lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga allt að fjárhæð 64.000.000 kr. til allt að 13 ára.

Bókun sveitarstjórnar:

Ákvörðun sveitarstjórnar um að veita Félags- og skólaþjónustu A-Hún sem sveitarfélagið á í samvinnu við önnur sveitarfélög, einfalda ábyrgð vegna lántöku þess hjá Lánasjóði sveitarfélaga og hún tryggð með tekjum sveitarfélagsins:

Sveitarstjórn Skagabyggðar samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Félags- og skólaþjónustu hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að 64.000.000 kr. til allt að 13 ára.

Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Félags- og skólaþjónustu A-Hún. Sveitarstjórnin veitir lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum.

Er lánið tekið til fjármögnunar á framkvæmdum við húsnæði á vegum Félags- og skólaþjónustu A-Hún, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Sveitarstjórnin skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Félags- og skólaþjónustu A-Hún til að breyta ekki ákvæði samþykpta byggðasamlagsins sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að Skagabyggð selji eignarhlut í Félags- og skólaþjónustu A-Hún til annarra opinberra aðila, skuldbindur sveitarfélagið sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnframt er Dagnýju Rósu Úlfarsdóttur, kt. 210176-3149, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Skagabyggðar veitingu ofangreindrar ábyrgðar með áritun á lánssamninginn.

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 22.09.2021

Fundur 6-2021

ii) dagsett 20. júlí 2021

Í fundargerð er óskað eftir heimild frá aðildarsveitarfélögum til þess að gera viðauka við fjárhagsáætlun ársins og bæta við einu viðbótarstöðugildi í barnanefnd. Áætlaður kostnaður sveitarfélagsins er kr. 171.948 kr. Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun 2021.

e)Vegagerð, styrkvegir, bréf dagsett 12. júlí 2021

Í bréfinu kemur fram að Skagabyggð hafi fengið 3 milljónir kr. í styrkvegafé. Fyrr í sumar hafði sveitarstjórn haft tölvupóstsamskipti varðandi ráðstöfun fjármagns og samþykkt að áætla fjármagn í Kálfshamarsvík, Hallárdal og Laxárdal og Langavatn. Búið er að vinna í Kálfshamarsvík og Hallárdal fyrir um 1,8 milljónir. Ákveðið að setja 500 þúsund í Langavatnsveg og 500 þúsund í veginn upp í Laxárdal.

f)Orkusalan, tölvubréf dagsett 14. júlí 2021

Í bréfinu er óskað eftir upplýsingum um hleðslustöð sem sveitarfélaginu var gefin fyrir nokkrum árum og sveitarfélagið beðið um að skila henni hyggist það ekki setja upp stöðina. Sveitarstjórn ákvað að skoða uppsetningu á hleðslustöðinni við Skagabúð.

g) Bréf frá Blönduósbæ, dagsett 30. júní 2021.

Með erindinu er send bókun frá 95. fundi sveitarstjórnar Blönduósbæjar 29. júní og er svohljóðandi:

„Sveitarstjórn Blönduósbæjar felur sveitarstjóra að undirbúa uppsögn á þeim samstarfssamningi sem gerður var þann 6. júní 2008, á milli Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar, undir vinnuheitinu „Samstarfsverkefni sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu” og þar með allar þær „Samþykktir um byggðasamlög” sem fylgja þeim samningi og dagsettar eru 3. júní 2008.

Sveitarstjórn áréttar fullan vilja til áframhaldandi samstarfs sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu um þau málefni sem nú eru í byggðasamlögum, samkvæmt samstarfssamningi.

Er þessi ákvörðun tekin með fyrirvara um endurskoðun, komi til frekari sameininga í Austur-Húnavatnssýslu”.

Erindið er lagt fram til kynningar

2. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags

Bókun skráð í trúnaðarbók.

3. Kjörskrá

Sveitarstjórn fór yfir kjörskrárstofn Skagabyggðar vegna Alþingiskosninga 25. september 2021. Kjörskrárstofn byggir á íbúaskrá Þjóðskrár 21. ágúst 2021.

Á kjörskrá eru alls 67 einstaklingar, þar af 32 karlar og 35 konur.

Sveitarstjórn samþykkir kjörskrárstofn í sveitarfélaginu með fyrirvara um breytingar. Oddvita falið að ganga frá kjörskrárstofni og undirrita kjörskrá.

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 22.09.2021

Fundur 6-2021

Kjörskrá liggur frammi hjá oddvita til kjördags.

Kjörfundur verður í Skagabúð á kjördag og stefnt er að því að hafa opið kl. 12-17.

4. Álagning útsvars og fasteignaskatts

Oddviti leggur til eftirfarandi: að útsvarsprósenta verði óbreytt fyrir 2022, eða 14,52% sem er hámarksútsvar og að fasteignaskattsprósenta verði 0,45% af fasteignamati fyrir 2022. Tillögur samþykktar af sveitarstjórn.

5. Skoðanakönnun um sameiningu Sveitarfélagsins Skagastrandar og Skagabyggðar

Sveitarstjórnir Sveitarfélagsins Skagastrandar og Skagabyggðar funduðu 29. júní 2021 til þess að kanna forsendur fyrir sameiningu sveitarfélaganna.

Sveitarstjórnir áttu góðan fund. Var niðurstaða fundarins að leggja óformlega könnun fyrir íbúa seinni part sumars, til þess að kanna hug þeirra til hugsanlegrar sameiningar áður en ákvörðun verður tekin um hvort fara eigi í formlegar viðræður milli sveitarfélaganna.

Var sveitarstjóra Sveitarfélagsins Skagastrandar og oddvita Skagabyggðar falið að vinna málið áfram.

Sveitarstjóri og oddviti leituðu ráðgjafar varðandi fyrirlögn könnunar og var niðurstaðan sú að MMR mun annast skoðanakönnunina fyrir hönd sveitarfélaganna og mun hún fara fram í gegnum síma. Áætlað er að MMR hefji vinnuna í þessari viku. Samhliða þessu var unnið kynningarefni sem sent var á heimili í Skagabyggð og á Skagaströnd. Vænta má niðurstöðu í október.

6. Önnur mál

Sveitarstjórn þakkar Vegagerðinni fyrir framkvæmdir er snúa að heflun og ofaníburði á Skagavegi nú í sumar og eins því að vegkantar voru slegnir meðfram Skagastrandarvegi.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:20

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Magnús Björnsson

Karen Helga R Steinsdóttir

Magnús Guðmannsson

Kristján Steinar Kristjánsson